

Fjórtándi fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar  
Fundurinn haldinn 9. nóvember 2012 kl. 13 við Hlíðarveg.

Mættir: Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir foreldrafulltrúi, Sigurður Ægisson fulltrúi stjórnar foreldrafélagsins. Fyrir hönd kennara mættu Sigurbjörg Bjarnadóttir og Guðný Róbertsdóttir. Engin mætti fyrir hönd annarra starfsmanna, engin úr nemendaráði skólans en það var óveður þennan dag. Ríkey Sigurbjörnsdóttir aðstoðarskólastjóri og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri sátu fundinn.

1. Fundartími skólaráðs í vetur

Skólastjóri lagði fram hugmynd að áætlun um skólaráðsfundi fyrir skólaárið. Ákveðið að fundirnir yrðu á föstudögum kl. 13 og við Hlíðarveg til þess að fulltrúar nemenda ættu gott með að mæta.

2. Upphaf skólaárs í nýbyggingunni við Tjarnarstíg

Skólastjóri fór yfir skólabyrjun en hún var sérstök fyrir það að starfið við Tjarnarstíg hófst 3. september eða viku seinna en starfið við Hlíðarveg og Norðurgötu. Ástæðan var of knappur framkvæmdatími við endurbæturnar á skólahúsinu við Tjarnarstíg. List- og verkgreina-kennslan fór mun seinna af stað í húsinu en kennslan í bekkjarstofum vegna þess að verkgreinastofurnar voru ekki tilbúnar.

Um leið og endurbætt skólahús við Tjarnarstíg var tekið í notkun sameinuðust miðstignemendur í skólanum undir einu þaki. Til urðu þrjár myndarlegar bekkjardeildir í 5., 6. og 7. bekk sem telja ~ 24 nemendur hver um sig.

3. Teikningar af viðbyggingu við Norðurgötu

Farið var yfir teikningar af nýbyggingu við Norðurgötu sem hafa verið til skoðunar og umsagnar í skólasamfélaginu.

4. Tilnefning fulltrúa í fræðslunefnd

Skólastjóri mun kanna hvernig skuli standa að kjöri fulltrúa foreldra í fræðslunefnd.

5. Önnur mál

Fulltrúi foreldra, Brynja Ingunn, nefndi hvort hægt væri að kenna yngstu nemendunum forritun eins og mælt hefur verið með í fjölmiðlum að undanförunu. Ljóst er að kennarar þurfa að fara á námskeið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14.15

Jónína Magnúsdóttir  
skólastjóri Grunnskóla Fjallabyggðar